

Mál nr. 157/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Starfsmaður slasaðist þegar hann var að þrifa forsjóðara þ. 12.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2017. ásamt fylgiskjölum nr. 1-11
2. Bréf V dags. 17.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M kveðst hafa verið við vinnu hjá S við að þrifa forsjóðara og skipta milli rása á vatnslokum þegar krani slóst upp og lenti á hægri handlegg hans, með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V og segir að þéttingar með umræddum krana hafi verið orðnar lélegar og skipt hafi verið um þær í kjölfar slyss M. Af hálfu M er á því byggt að S hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og viðeigandi reglugerðum með lögnum. M vísar til þess að krannar eins og þeir sem slóst upp í hægri handlegg hans hafi verið í notkun í tæp 18 ár og því yfirgnæfandi líkur að þéttingar hafi verið úr sér gengnar. M telur því að S beri ábyrgð á tjóni hans skv. sakarreglunni og segist hafa látið vinnuveitanda sinn vita af slysinu strax og það varð.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til vanbúnaðar sem S beri ábyrgð á eða saknæmrar háttsemi starfsmanna S. V segir sönnunarbyrðina á að umræddur krani og forsjóðari hafi verið vanbúin og orsakatengsl milli þessa vanbúnaðar og tjónsatviksins hvíli á M og hafi honum ekki tekist sönnun á þessu. V vísar til þess að M hafi orðið fyrir slysinu þ.12.8.2014, en ekki misst úr vinnu eða leitað til læknis fyrr en 28.8. s.á. og þá liggi ekkert fyrir um að M hafi tilkynnt S um tjónsatvikið fyrr en í lok ágúst árið 2014 og því hafi S ekki verið í aðstöðu til að kalla til Vinnueftirlitið þegar tjónsatvikið varð. V segir að skipt hafi verið um þéttingar á umræddum krana í venjubundnu viðhaldi.

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á að tjónsatvikið sem um ræðir verði rakið til vanbúnaðar á þeim tækjum sem M var að vinna við þegar hann varð fyrir slysinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu M að S eða einhver sem S ber ábyrgð á beri ábyrgð á slysi hans vegna saknæmrar háttsemi. Af gögnum málsins er ekki sýnt fram á að M hafi upplýst með skýrum hætti um líkamstjón sitt fyrr en í lok ágúst 2014 eða um hálfum mánuði eftir að slysið varð. S verður því ekki talin bera hallann af því að rannsókn fór ekki fram á aðstæðum á vettvangi sbr. tilkynningaskyldu vinnuveitanda sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 28.6 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.